


Alþingi
Erindi nr. P 131/91
komudagur 15.11.2004

Fjárlaganefnd Alþingis
Hr. Magnús Stefánsson, form.

Reykjavík, 15. nóvember 2003.

Með vísan til bréfs yðar, dags. 12. og 18. október 2003, sendist yður hér með álit minni hluta samgöngunefndar á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2004.

F.h. framsögumanns minni hluta,



Stefán Arni Auðólfsson, nefndarritari.



Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2005 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá minni hluta samgöngunefndar.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf formanns fjárlaganefndar frá 12. og 18. október sl.

Nefndin fundaði með fulltrúum samgönguráðuneytis, vegamálastjóra, flugmálastjóra og siglingamálastjóra.

Við meðferð málsins óskaði minni hlutinn sérstaklega eftir að fá að sjá þær fjárlagatillögur sem stofnanirnar, sem fundað var með, gerðu til ráðuneytis við undirbúning frumvarpsins. Þessar tillögur fékk nefndin ekki.

Flugmálastjóri sendi minnisblað þar sem hann þó rekur nokkuð ítarlega athugasemdir sínar við frumvarpið og gerir nokkra grein fyrir fjárlagatillögum sínum vegna flugmála. Þá lagði hafnarstjóri fram minnisblað á fundi með nefndinni þar sem hann gagnrýnir nokkra þætti í þeim kafla er varðar siglingamál. Vegamálastjóri tilkynnti starfsmanni nefndarinnar að hann hefði sent fjárlagatillögur Vegagerðarinnar til samgönguráðuneytis og að nefndin yrði að óska eftir tillögunum þaðan.

Þegar síðan var gengið á eftir því að fá fjárlagatillögur stofnananna þriggja sendar frá samgönguráðuneyti neitaði ráðuneytið að afhenda þær. Þessu mótmælir minni hluti nefndarinnar.

Minni hlutinn telur ómögulegt að gefa álit um frumvarp til fjárlaga án þess að hafa áður fengið að sjá fjárlagatillögur stofnananna og upplýsingar um röksemdir sem þar liggja að baki útreikningum. Minni hlutinn telur ómögulegt fyrir fastanefndir þingsins að meta frumvarpið og leggja fram rökstudda gagnrýni á einstaka kafla nema þær fái að helstu gögn sem liggja því að baki.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir niðurskurði upp á rúma 2 milljarða kr. varðandi vegamál án þess að fram hafi komið hvar eigi að skera niður eða hvaða verkefnum eigi að fresta.

Minni hlutinn ítrekar því gagnrýni sína á þau vinnubrögð ráðuneytisins að neita nefndinni um upplýsingar sem liggja að baki fjárlagafrumvarpinu og vísar um þetta efni m.a. til álits minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Alþingi, 15. nóv. 2004.

Kristján L. Möller, frsm.
Björgvin G. Sigurðsson.

Bryndís Hlökkversdóttir.
Pétur Bjarnason.